

Útikennsla

Hvernig ertu, sóley?



Hugmyndir að verkefnum í útikennslu
Elva Dóra Guðmundsdóttir og Sigrún Árnadóttir
Lokaverkefni í kennaradeild Háskólans á Akureyri

**Háskólinn á Akureyri
Hug- og félagsvísindasvið
Kennaradeild
Grunnskólabraut
2010**

**Útikennsla
Hvernig ertu, sóley?
Verkefnahefti**

**Elva Dóra Guðmundsdóttir
Sigrún Árnadóttir**

**Lokaverkefni til 180 eininga B.Ed. prófs
Leiðsögukennari: Hermína Gunnþórsdóttir**

Efnisyfirlit

INNGANGUR	1
VERKEFNALÝSING	2
ÚTIKENNSLAN	2
YNGSTA STIG	3
ÍSLENSKA OG NÁTTÚRUFRÆÐI - BÓKSTAFIR OG ORÐ Í NÁTTÚRUNNI.....	4
ÍSLENSKA - ORÐATRÉ	6
STÆRÐFRÆÐI OG MYNDMENNT - LJÓSMYND AVERKEFNI	9
ÍSLENSKA, NÁTTÚRUFRÆÐI OG UMHVERFISMENNT - VEÐURATHUGUN.....	12
HEIMILIS- OG STÆRÐFRÆÐI - ELDBAKAÐ BRAUÐ.....	14
MÍÐSTIG	16
TÓNMENNT OG ÍSLENSKA - TÓNVERK NÁTTÚRUNNAR.....	17
NÁTTÚRUFRÆÐI OG FLEIRI FÖG - FUGLABÓKIN MÍN	19
ÍSLENSKA/BÓKMENNTIR OG SAMFÉLAGSFRÆÐI - HUGARFLUG	21
LÍFSLEIKNI OG STÆRÐFRÆÐI - LEIÐIN Í SKÓLANN.....	24
ÍSLENSKA, NÁTTÚRUFRÆÐI OG MYNDMENNT - NÁTTÚRULJÓÐ.....	26
ELSTA STIG	28
UMHVERFISMENNT, HÖNNUN OG SMÍÐI, STÆRÐFRÆÐI - VISTVÆN SKÝLI	29
ÞJÓÐFÉLAGS- OG STÆRÐFRÆÐI - VERÐKÖNNUN	32
LOKAORÐ	34

Inngangur

Verkefnahefti þetta er ætlað sem hugmyndabanki fyrir kennara sem hafa hug á að nýta sér útikennslu í starfi sínu. Verkefnaheftið er hluti af lokaverkefni í kennarafræðum við Háskólann á Akureyri og fylgir ítarlegri greinargerð um útikennslu þar sem farið er yfir helstu þætti hennar.

Útikennsla byggist á því að hluti af kennslu skóla er fluttur út í nágrenni hans og reglulega eru unnin verkefni utan skólastofunnar. Í útiskóla hafa nemendur tækifæri til að nota öll skilningarvit sín og fá með því persónulega og beina reynslu af raunveruleikanum. Útikennsla veitir nemendum tækifæri til að þroskast og leika sér af sjálfsdáðum, finna til forvitni, ímyndunar, upplifunar og samkenndar.

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* er lögð áhersla á að mikilvægt sé að skólar samþætti útikennslu í skólanámskrá sinni þannig að nemendum gefist tækifæri til að kynnast og njóta nánasta umhverfis og um leið efla virðingu þeirra fyrir því. Í þessu verkefnahefti eru þessar áherslur hafðar að leiðarljósi auk þess sem reynt er að samþætta fleiri greinar en það auðveldar kennara að koma til móts við áhuga og getu ólíkra nemenda með fjölbreyttri námsvinnu (*Aðalnámskrá grunnskóla, náttúrufræði og umhverfismennt, 2007: 9*).

Verkefnalýsing

Verkefnaheftinu er skipt upp í þrjá kafla, yngsta stig, miðstig og elsta stig en þó má útfæra sum verkefni á önnur stig með því að einfalda þau eða bæta við markmiðum.

Verkefni eru sett upp í töflur þar sem útskýrt er hvað felst í vinnu nemenda og kennara ásamt bekkjarskipulagi, verkefnalýsingu, gögnum og afrakstri.

Mikilvægt er í öllu námi að kennslu- og námsmatsaðferðir séu fjölbreyttar en það stuðlar að einstaklingsmiðun í námi. Öllum verkefnum fylgja tillögur að kennsluáætlun og námsmati en kennarar geta engu að síður mótað það að sínum hentugleika.

Leiðbeiningar um kennsluáæferðir, námsmat og námsmatslista má finna á vefsíðu Ingvars Sigurgeirssonar

<http://starfsfolk.khi.is/ingvar/kennsluadferdir/index.htm>

(Ingvar Sigurgeirsson, 2002).

Settar eru fram hugmyndir um samþættingu við fleiri námsgreinar ásamt hugmyndum um aðrar útfærslur á verkefnunum.

Fjölgreindum Gardner eru gerð skil í greinargerð um útikennslu og með hverju verkefni er sett fram hvaða greindir falla best að því og hvernig.

Útikennslan

Gæði útikennslu fer meðal annars eftir því hversu vel hún er skipulögð.

Áður en útikennsla fer fram þurfa kennarar að útbúa áætlun sem þeir geta stuðst við í kennslunni. Mikilvægt er að kennsluáætlun sé í samræmi við getu nemenda og námsumhverfi.

Í þessu verkefnahefti eru hugmyndir að verkefnum en kennarar verða sjálfir að skipuleggja hve langan tíma þeir áætla fyrir hvert verkefni. Fer það eftir stærð hóps, staðsetningu útikennslusvæðis o.fl.

Verkefni í þessu hefti er þó í flestum tilfellum hægt að útfæra í hvaða umhverfi sem er. Ef ekki er gróíð útivistarsvæði við skólann er hægt að nýta næsta útivistarsvæði sem þó krefst meiri undirbúnings kennara vegna ferða nemenda og þess tíma sem fer í það.


Samþætting námsgreina krefst þess oft og tíðum að kennarar mismunandi námsgreina komi að verkefnavinnunni á einn eða annan hátt. Því er æskilegt að settir séu á samráðsfundir þannig að kennarar geti unnið saman að undirbúningi verkefna.

Yngsta stig

Ný orð opna nýja heima

Barn við upphaf skólagöngu er alla jafna forvitið og áhugasamt um hluti og fyrirbæri í nánasta umhverfi sínu og það hefur gert sér ýmsar hugmyndir um heiminn og hvernig hlutirnir virka....

Við lesum umhverfi okkar með þeim orðum sem við höfum tileinkað okkur. Ný orð opna barninu nýja heima. Umhverfið tekur á sig nýjan svip. Þar sem áður voru strá og blóm birtast nú grös, fíflar og sóleyjar. Það sem áður var bara steinn greinist í sundur í steina ólíka að lögun, lit og áferð. Og það sem hefur hlotið heiti kemur til manns og kallar á nánari skoðun: Hvernig ertu, sóley? (Aðalnámskrá grunnskóla, náttúrufræði og umhverfismennt, 2007: 14).



Nemendur í vettvangsferð.

Íslenska og náttúrufræði - Bókstafir og orð í náttúrunni

Verkefnislýsing	Bekkjarskipulag	Vinna kennara	Vinna nemenda	Afrakstur	Efni og gögn	Kennsluaðferðir Námsmat
<p>Nemendur útbúa spjöld með bókstöfum og/eða orðum tengd náttúrunni og umhverfi skólans.</p> <p>Nemendur fara út og merkja með spjöldunum hluti, gróður og annað sem finna má í umhverfi skólans með spjöldunum.</p> <p>Markmiðið er að nemendur auki orðaforða sinn og málskilning og þjálfist í að draga til stafs.</p>	<p>Bekknun er skipt í 4-5 manna hópa sem vinna saman að því að útbúa spjöldin.</p> <p>Þegar farið er út vinna hóparnir aftur saman við að merkja skólasvæðið með spjöldunum.</p>	<p>Kennari stýrir umræðum um hvað finna má í umhverfi skólans.</p> <p>Hægt er að leggja verkefnið fyrir nemendur sem eru að taka fyrstu skref sín í lestri og ritun en þá þarf kennari að undirbúa innlögn á stöfum sem henta þessu verkefni.</p> <p>Kennari plasar spjöldin svo hægt sé að nota þau utandyra.</p>	<p>Nemendur vinna í hópum og finna stafi og orð sem komið gætu fyrir í umhverfi skólans.</p> <p>Hver hópur skrifar á u.þ.b. 10 -15 spjöld eða eins mörg og kennara þykir hæfilegt miðað við getu nemenda.</p> <p>Hóparnir fara svo saman út og merkja útisvæðið með spjöldunum.</p> <p>Dæmi: b fyrir blóm g fyrir grein r fyrir róla</p> <p>Einnig er hægt að merkja með heiti: Fífill, gras, strá, greni, sóley o.s.frv.</p>	<p>Skólalóðin verður fagurlega skreytt stöfum og orðum sem nemendur geta skoðað og rætt með kennara áður þeir hjálpast að við að taka saman.</p>	<p>Litrík spjöld úr kartoni.</p> <p>Plöstanarvél eða bókakplast</p> <p>Garn til að festa spjöldin með.</p>	<p>Hópavinna</p> <p>Innlögn frá kennara</p> <p>Umræðu- og spurnaraðferð</p> <p>Kennari metur virkni nemenda.</p>

Markmið Aðalnámskrár

1. bekkur

Verkefnið tengist eftirfarandi þrepamarkmiðum 1. bekkjar í íslensku ásamt því að tengjast áherslum í náttúrufræði og umhverfismennt. Við skipulag náttúrufræðikennslu þarf sérstaklega að hafa í huga eðlilega og nauðsynlega samþættingu við önnur námssvið og greinar sem kenndar eru á yngsta stigi

Áherslur í náttúrufræði og umhverfismennt 1-4. bekkjar

Að nemendur

- ♣ séu að fást við áþreifanlega hluti, að þeir fái tækifæri til að upplifa hluti og fyrirbæri, kanna nánasta umhverfi og eigin líkama

(Aðalnámskrá grunnskóla, náttúrufræði og umhverfismennt, 2007: 14)

Þrepamarkmið 1. bekkjar í íslensku

Að nemendur

- ♣ vinni verkefni sem stuðla að auknum orðaforða og málskilningi
- ♣ þjálfist í fínhyringum með fjölbreyttum verkefnum
- ♣ þjálfist í að draga til stafs
- ♣ læri m.a. að þekkja hugtökin bókstafur, hljóð, orð og setning í tengslum við lestrarnám

(Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 1999: 30-31)

2. bekkur

Þetta verkefni hentar einnig fyrir nemendur í 2. bekk og tengist eftirfarandi þrepamarkmiðum:

Þrepamarkmið 2. bekkjar í íslensku

Að nemandi

- ♣ þjálfist í að nota þá skriftargerð sem honum hefur verið kennd
- ♣ þjálfist í að stafsetja rétt með því að vinna margvísleg ritunarverkefni
- ♣ fái tækifæri til að nota tungumálið á fjölbreyttan hátt
- ♣ auki orðaforða sinn og efli málskilning með fjölbreytilegum verkefnum við hæfi

(Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 1999: 32-33)

Aðrar útfærslur

Nemendur geta unnið þetta verkefni í tölvum, skrifað texta, stafi og sett inn myndir sem tengjast umhverfi skólans.

Kennari plastar það sem nemendur prenta og nemendur fara út og merkja umhverfi skólans.

Verkefnið tengist einnig markmiðum í upplýsinga- og tæknimennt sem eru:

Þrepamarkmið fyrir 2. bekk í upplýsinga og tæknimennt

Að nemandi

- ♣ geti ritað texta í ritvinnslu

(Aðalnámskrá grunnskóla, upplýsinga- og tæknimennt, 2007: 30)

Fjölgreindir

Með því að samþætta náttúrufræði og umhverfismennt við íslenskukennslu fá nemendur með góða umhverfisgreind möguleika á að efla málgreind sína og öfugt.

Mörg viðfangsefni í skólum byggjast á málgreind og því er mikilvægt að kennarar grípi öll tækifæri á yngsta stigi til að efla málgreind nemenda með því að nýta þeirra sterku greindir.

Þeir sem eru t.d. sterkir í líkams- og hreyfigreind eiga oft erfitt með að sitja kyrrir í tímum. Með því að fara út í náttúruna gefst þeim færi á að læra stafi og orð í leik og á hreyfingu ☺

Þeir sem eru með sterka rök- og stærðfræðigreind eiga betur með að rita orð og texta í ritvinnslu og efla með því málgreind sína.

Samskiptagreind er styrkt hjá öllum nemendum með samvinnu og umræðum um verkefnið.

Íslenska - Orðatré

Verkefnislýsing	Bekkjarskipulag	Vinna kennara	Vinna nemenda	Afrakstur	Efni og gögn	Kennsluaðferðir Námsmat
<p>Nemendur útbúa orðflokkatré úr orðum sem þeir safna úr nánasta umhverfi skólans.</p> <p>Markmiðið er að nemendur öðlist færni í að flokka orð í no, so og lo.</p>	<p>Nemendum er skipt í nokkra hópa og hver hópur safnar orðum úr öllum orðflokkum.</p> <p>Dæmi: róla (no) kaldur (lo) fljúga (so)</p>	<p>Kennari kynnir orðflokkana fyrir nemendum.</p> <p>Kennari skiptir nemendum í hópa og útskýrir vel til hvers er ætlast áður en hóparnir fara út.</p>	<p>Umræður inni áður en haldið er af stað út.</p> <p>Nemendur finna orð í umhverfinu og hver hópur skrifar niður orð úr öllum flokkum í bók.</p> <p>Þegar komið er inn klippa nemendur út pappírslaufblöð og skrifa orðin á þau.</p> <p>Bekkurinn vinnur svo í sameiningu að því að útbúa trén. Trén geta verið af öllum stærðum og fer það bara eftir veggplássinu í stofunni.</p>	<p>Falleg tré sem hvert ber heiti síns orðflokks.</p> <p>Nafnorðatré Sagnorðatré Lýsingarorðatré</p>	<p>Stílabækur</p> <p>Karton og pappír fyrir tré og laufblöð.</p> <p>Límstifti</p> <p>Kennaratyggjó</p>	<p>Samvinnunám</p> <p>Áhersla er lögð á samvinnu og fá nemendur einkunn fyrir vinnu í hópum.</p> <p>Hópmat</p> <p>Sjálfsmat</p>

Markmið Aðalnámskrár

Verkefnið tengist eftirfarandi áfangamarkmiðum í íslensku við lok 4. bekkjar:

Nemandi á að

- ♣ hafa öðlast jákvætt viðhorf til móðurmálsins með því að leika sér með það og nota tungumálið á margvíslegan hátt
- ♣ hafa kynnst mismunandi hlutverkum nafnorða, lýsingarorða og sagnorða

(Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 2007: 14-15)

Samþætting við náttúrufræði og umhverfismennt

Kennari ræðir við nemendur áður en haldið er af stað um mismunandi gerðir trjáa og einkenni þeirra.

Nemendur finna þrjár tegundir trjáa, safna laufum og greinum af þeim sem trén eru skreytt með. Með þessu bætist rannsóknarvinna á vettvangi við verkefnavinnu nemenda.

Verkefnislýsing: Bekknum er skipt í þrjá hópa og sér hver hópur um eina trjátegund.

Dæmi: Hópur 1 safnar laufblöðum og greinum af birkitré ásamt því að finna orð úr umhverfi skólans.

Trén fá svo nöfn eftir tegundum og orðfloknum.

Dæmi: nafnorðatréd Birkir/Björk, sagnorðatréd Reynir og lýsingarorðatréd Ösp.

Markmið Aðalnámskrár í náttúrufræði og umhverfismennt

Í Aðalnámskrá segir að náttúrufræðikennsla á yngsta stigi ætti fyrst og fremst að stuðla að því að nemendur læri að athuga vel, greina einkenni hluta og viðburða ásamt því að gefa nemendum tækifæri til að tjá upplifanir sínar á mismunandi hátt í þeirri von að orðaforði þeirra aukist og skilningur þeirra skerpist (Aðalnámskrá grunnskóla, náttúrufræði og umhverfismennt, 2007: 14).

Aðrar útfærslur

Íslenska – málfræði

Nemendur skipta nafnorðum í sérnöfn og samnöfn og skrifa á mismunandi lit laufblöð nafnorðatrésins.

Nemendur flokka orðin eftir kyni og skrifa á mismunandi lit laufblöð.

Áfangamarkmið í íslensku við lok 4. bekkjar

Nemandi á að

- ♣ þekkja mun samnafna og sérnafna
- ♣ hafa kynnst mismunandi hlutverkum nafnorða, lýsingarorða og sagnorða

(Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 2007: 15)

Íslenska- ritun

Nemendur mynda setningar úr orðunum sem safnað var, hægt er að skrifa þær á greinar eða ský hjá trjánum.

Nemendur semja ljóð eða sögu úr setningum sem skrifað er niður í stílabækur og flutt fyrir aðra nemendur. Hægt er að vinna þessa þætti í einstaklingsvinnu eða hópum.

Áfangamarkmið í íslensku við lok 4. bekkjar

Nemandi á að

- ♣ þekkja grunnþætti í byggingu texta, inngang, meginmál og niðurlag

(Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 2007: 14)

Náttúrufræði og umhverfismennt

Nemendur geta sótt sér upplýsingar á Neti eða úr bókum um trjátegundirnar og útbúið lýsingu á þeim. Hver hópur kynnir síðan sitt tré fyrir hinum.

Einnig er hægt að nýta þetta verkefni sem langtímaverkefni um trén þar sem fylgst er með trjánum á vorin eða haustin með það í huga hvað gerist þegar haustar eða vorar.

Fjölgreindir

Í þessu verkefni er umhverfis- og málgreind fléttuð saman. Sá sem er málvís notar málgreind sína til að finna orð í umhverfinu og styrkir um leið umhverfisgreind sína og öfugt.

Umhverfisgreindin er styrkt enn frekar með samþættingu við náttúrufræði.

Málgreindin er styrkt með útfærslu verkefnis í ritun og með upplestri nemenda.

Nemendur sem eru sterkir í líkams- og hreyfigreind eflast í öðrum greindum með því að vinna verkefnið úti og við uppsetningu á orðatrjám.

Samskipta- og sjálfsþekkingargreind er styrkt hjá öllum nemendum með samvinnu og umræðum um verkefnið.

Nafnorðatré í haustlitum



Hér eru sérnöfn á appelsínugulum laufblöðum
en samnöfn á grænum.

Stærðfræði og myndmennt - Ljósmyndaverkefni

Verkefnislýsing	Bekkjar skipulag	Vinna kennara	Vinna nemenda	Afrakstur	Efni og gögn	Kennsluaðferðir Námsmat
<p>Nemendur taka myndir af því sem vekur áhuga þeirra úti í náttúrunni.</p> <p>Ljósmyndirnar eru prentaðar út og nemendur reikna út flatarmál rétthyrnings- og þríhyrningsforma sem finnast á myndinni. Einnig finna þeir hvöss, gleið og rétt horn.</p> <p>Markmiðið er að nemendur öðlist aukin skilning á stærðfræðihugtökum og mynstrum í nánasta umhverfi sínu.</p>	<p>Einstaklingsvinna við ljósmyndun.</p> <p>Nemendur vinna saman í 4-5 manna hópum og finna út mynstur í myndunum.</p>	<p>Áður en nemendur fara út rifjar kennari upp með þeim flatarmál rétthyrnings og þríhyrningsforma ásamt muninum á hvössum, gleiðum og réttum hornum.</p> <p>Kennari sýnir nemendum ljósmyndir með ólíku mynstri og biður nemendur um að finna mynstur í skólastofunni.</p> <p>Kennari útskýrir markmið verkefnisins.</p>	<p>Umræður um nokkur stærðfræðihugtök og ólíkar gerðir af mynstrum.</p> <p>Nemendur fara út og taka myndir af því sem þeim finnst athyglisvert í nánasta umhverfi skólans.</p> <p>Þegar nemendur koma inn prenta þeir út ljósmyndirnar og vinna 4-5 saman í hóp við að leysa verkefnið.</p>	<p>Umræður í lok verkefnis þar sem nemendur ræða um upplifanir sínar og hvað þeir lærðu af verkefninu.</p> <p>Ljósmyndirnar eru límdar inn í dagbók nemenda.</p>	<p>Stafrænar myndavélar</p> <p>Blöð</p> <p>Prentari</p> <p>Skriffæri</p> <p>Reglustikur</p>	<p>Umræðu- og spurnaraðferðir</p> <p>Sjálfstæð skapandi viðfangsefni</p> <p>Hópvinnubrögð</p> <p>Þrautalausnir</p> <p>Námsmat í dagbókarformi þar sem nemendur skrifa niður upplifanir sínar og hugleiðingar um verkefnið.</p> <p>Leiðsagnarmat</p>

Markmið Aðalnámskrár

Verkefnið tengist áfangamarkmiðum við lok 4. bekkjar í stærðfræði og myndmennt

Áfangamarkmið við lok 4. bekkjar í stærðfræði

Að nemandi

- ♣ geti flokkað horn eftir því hvort þau eru rétt, hvöss eða gleið
- ♣ geti leyst verkefni daglegs lífs með aðferðum stærðfræðinnar
- ♣ þekkja og geta lýst nokkrum flatarmyndum og flokkað þær, s.s. hring, þríhyrning, sexhyrning, rétthyrning og samsíðung
- ♣ geti flokkað, lýst, raðað og borið saman hluti eftir lengd, flatarmáli, þyngd og rúmmáli

(Aðalnámskrá grunnskóla, stærðfræði, 2007: 17-20)

Áfangamarkmið við lok 4. bekkjar í myndmennt

Að nemandi

- ♣ geti sett fram á sjónrænan hátt eigin upplifun eða ímyndun

(Aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar, 2007: 12)

Samþætting við íslensku

Verkefnislýsing: Nemendur gætu skrifað stutta lýsingu á því sem þeir sjá á myndinni, með áherslu á stærðfræðihugtökin og strika síðan undir sérnöfn, samnöfn, nafnorð, lýsingarorð o.fl. Stuðst er við eftirfarandi markmið:

Áfangamarkmið við lok 4. bekkjar í íslensku

Að nemandi

- ♣ hafi tjáð hugmyndir sínar og reynslu
- ♣ þekki mun samnafna og sérnafna
- ♣ hafi kynnst mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða, og sagnorða

(Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 2007: 14-15)

Aðrar útfærslur

Náttúrufræði og umhverfismennt Upplýsinga- og tæknimennt

Verkefnislýsing: Nemendur taka myndir af dýrum og lífverum í þeirra nánasta umhverfi og skrifa stutta ritgerð um það sem er á myndinni.

Nemendur skeyta myndum inn í texta eða breyta þeim í myndvinnsluforriti.

Verkefnið tengist áfangamarkmiðum við lok 4. bekkjar í náttúrufræði og umhverfismennt og upplýsinga og tæknimennt.

Áfangamarkmið við lok 4. bekkjar í náttúrufræði og umhverfismennt

Að nemandi

- ♣ kynnist helstu lífverum í nánasta umhverfi, þar á meðal íslensku húsdýrunum

(Aðalnámskrá grunnskóla, náttúrufræði og umhverfismennt, 2007: 16)

Áfangamarkmið við lok 4. bekkjar í upplýsinga- og tæknimennt

Að nemandi

- ♣ geti skeytt myndum inn í texta
- ♣ geti tekið myndir á myndavél og kunni með þær að fara

Áfangamarkmið við lok 7. bekkjar

Að nemandi

- ♣ geti notað og viðhaldið notendabúnaði, s.s. ritvinnslu-, teikni- og myndvinnsluforritum og töflureikni

(Aðalnámskrá grunnskóla, upplýsinga og tæknimennt, 2007: 10-11)


Fjölgreindir

Þetta verkefni er tilvalið fyrir þá sem eru með sterka rök- og stærðfræðigreind ásamt því að vera góð leið fyrir aðra til að efla hana.

Þeir sem eru með góða rýmisgreind geta eflt rök- og stærðfræðigreind sína með því að rýna í mynstur náttúrunnar og um leið efla þeir umhverfis- og málgreind með því að ræða og skrifa um viðfangsefnið.

Er nemendur skrifa hugleiðingar sínar og upplifanir í dagbók eflist sjálfsþekkingargreind þeirra og með samvinnu við aðra bekkjarfélaga styrkja nemendur samskiptagreind sína.

Eins og í fyrri verkefnum hentar þetta verkefni vel fyrir þá sem eru sterkir í líkams- og hreyfigreind.



Hér má sjá ýmis form ef vel er að gáð.

Íslenska, náttúrufræði og umhverfismennt - Veðurathugun

Verkefnislýsing	Bekkjarskipulag	Vinna kennara	Vinna nemenda	Afrakstur	Efni og gögn	Kennsluaðferðir Námsmat
<p>Nemendur fara út og gera veðurathuganir og skrifa veðurlýsingar niður í stílabækur.</p> <p>Veðurathuganir eru gerðar í nokkra daga.</p> <p>Markmiðið er að nemendur geri sér grein fyrir ólíku veðurfari.</p> <p>Einnig fá nemendur þjálfun í að skrifa niður upplifanir sínar.</p>	<p>Umræður í upphafi og lok verkefnis.</p> <p>Einstaklingsvinna</p>	<p>Kennari stjórnar umræðum um mismunandi veðurfar og hvaða þættir hafa áhrif á veðurfar.</p> <p>Kennari fylgist með og hvetur nemendur áfram með spurningum eftir þörfum.</p> <p>Kennari leiðir umræður í lok verkefnis, var veðrið stöðugt, var hlýtt eða kalt í veðri, o.s.frv.</p>	<p>Umræður inni áður en haldið er af stað út.</p> <p>Nemendur fara út með stílabækur og skrifa niður veðurlýsingar (endurtaka næstu 2-3 daga). Nemendur fá gátlista til að fara eftir.</p> <p>Umræður og kynning í lok verkefnis.</p> <p>Nemendur bera saman upplifanir sínar.</p>	<p>Hver og einn les upp sína veðurlýsingu fyrir framan bekkinn.</p> <p>Umræður um veðurfar á Íslandi.</p>	<p>Stílabækur og skriffæri.</p> <p>Gátlisti sem inniheldur atriði sem þurfa að koma fram í veðurlýsingunni, s.s. hvernig lítur himininn út, hvernig er hitastigið og hvernig sérðu hvort að það er vindur eða logn?</p>	<p>Umræðu- og spurnaraðferðir</p> <p>Leitaraðferðir</p> <p>Innlifunaraðferðir og tjáning</p> <p>Kennari metur virkni og vinnubrögð nemenda.</p> <p>Heildarmat</p> <p>Sjálfsmat: Nemendur halda dagbókarfærslur um verkefnið.</p>

Markmið Aðalnámskrár

Stuðst er við áfangamarkmið í íslensku og náttúrufræði og umhverfismennt við lok 4. bekkjar

Áfangamarkmið í íslensku við lok 4. bekkjar

Nemandi á að

- ♣ vera fær um að tjá sig frammi fyrir hópi og standa fyrir máli sínu
- ♣ geta skrifað skýrt og læsilega
- ♣ hafa tjáð hugmyndir sínar og reynslu

(Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 2007: 14)

Áfangamarkmið í náttúrufræði og umhverfismennt við lok 4. bekkjar

Nemandi á að

- ♣ gera einfaldar veðurathuganir
- ♣ gera sér grein fyrir mismunandi veðurfari

(Aðalnámskrá grunnskóla, náttúrufræði og umhverfismennt, 2007: 17)

Aðrar útfærslur

Náttúrufræði og umhverfismennt - myndmennt

Nemendur gera veðurathuganir í nokkra daga með því að teikna myndir af veðrinu hvern dag.

Stuðst er við fyrri markmið í náttúrufræði og umhverfismennt

Áfangamarkmið í myndmennt við lok 4. bekkjar

Nemandi á að

- ♣ geta nýtt sér í eigin sköpun einfalda útfærslu línuteikninga, áferðar, myndbyggingar, lita og formfræði, s.s. grunnlitina, einfaldar litablöndur og litatóna
- ♣ geta sett fram á sjónrænan hátt eigin upplifun eða ímyndun

(Aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar, 2007: 12)

Náttúrufræði og umhverfismennt - upplýsingamennt

Nemendur fara út og taka myndir af himninum í nokkra daga. Að því loknu rita þeir niður veðurlýsingar í tölvu og skeyta myndunum inn í textann.

Áfangamarkmið í náttúrufræði og umhverfismennt við lok 4. bekkjar

Stuðst er við sömu áfangamarkmið og áður.

Áfangamarkmið í upplýsingamennt við lok 4. bekkjar

Nemandi á að

- ♣ hafa tekið myndir á myndavél og kunna með þær að fara
- ♣ geta skeytt myndum inn í texta
- ♣ geta ritað einfaldan texta í ritvinnslu

(Aðalnámskrá grunnskóla, upplýsingamennt og tæknimennt, 2007: 10)

Fjölgreindir

Umhverfisgreind eflist til muna í þessu verkefni ásamt því að sjálfsþekkingargreind nemenda styrkist með tjáningu þeirra á upplifunum sínum í veðurdagbók og í sjálfsmati.

Nemendur þjálfa einnig málgreindina með því að halda skipulega utan um athuganir sínar og með því að tjá sig fyrir framan aðra.

Nemendum sem eru sterkir í rýmisgreind hentar vel að teikna myndir af veðrinu og þeim sem eru sterkir í rök- og stærðfræðigreind að setja verkefnið upp í tölvu. Með þeim leiðum er einnig hægt að efla með þeim aðrar greindir eins og mál- og umhverfisgreind.

Heimilis- og stærðfræði - Eldbakað brauð

Verkefnislýsing	BekkjarSKIPulag	Vinna kennara	Vinna nemenda	Afrakstur	Efni og gögn	Kennsluaðferðir Námsmat
<p>Nemendur leysa stærðfræði-verkefni inni í skólastofu þar sem þeir þurfa að breyta brauðuppskrift.</p> <p>Nemendur búa til brauðdeig og baka brauð á eldstæði.</p> <p>Markmiðið er að þjálfna færni nemenda í margföldun og deilingu, stækka og minnka brot og vinna með mælieiningar.</p>	<p>Einstaklingsvinna þegar uppskrift er breytt.</p> <p>Nemendur vinna 3-4 saman í hóp við að búa til deigið og hjálpast einnig að við að baka það.</p>	<p>Kennari útskýrir markmið verkefnis og rifjar upp með nemendum brotareikning og mælieiningar.</p> <p>Kennari aðstoðar nemendur eftir þörfum.</p> <p>Hægt er að finna góðar leiðbeiningar um gerð eldstæða og brauðuppskriftir í lokaverkefni Guðmundar Finnbogasonar heimilisfræðikennara við Laugarnesskóla sem er ætlað sem kennsluefni fyrir útikennslu í heimilisfræði.</p> <p>http://skemman.is/bitstream/1946/394/1/Verkefni.pdf (Guðmundur Finnbogason, 2007)</p>	<p>Hver og einn fær ljósritaða brauðuppskrift og lím inn í stílabók. Uppskriftin er ýmist stækkuð eða minnkuð í réttum hlutföllum.</p> <p>Nemendur vinna saman í hópum við að búa til brauðdeig sem síðan er sett í plastpoka.</p> <p>Deigið er þrætt upp á trjágreinar og nemendur baka brauðið yfir opnum eldi.</p>	<p>Að loknum bakstri fá nemendur að borða brauðið.</p> <p>Umræður um hvernig til tókst og hvað nemendur lærðu af verkefninu.</p>	<p>Stílabækur og ljósrituð brauðuppskrift.</p> <p>Skriffæri og lím.</p> <p>Efni í brauðdeig og plastpokar.</p> <p>Eldstæði, eldfæri og trjágreinar.</p>	<p>Þulunám og þjálfunaræfingar</p> <p>Hópvinnubrögð</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Kennari metur virkni nemenda og vinnubrögð.</p> <p>Hver hópur fær umsögn fyrir vinnu sína.</p> <p>Leiðsagnarmat</p>

Markmið Aðalnámskrár

Stuðst er við áfangamarkmið í stærðfræði við lok 4. bekkjar þar sem áhersla er lögð á að nemendur fái við viðfangsefni sem tengjast daglegu lífi þeirra og hafi merkingu fyrir þá sjálfa. Þá er stuðst við markmið í heimilisfræði en í *Aðalnámskrá grunnskóla* segir að tenging stærðfræði við aðrar námsgreinar stuðli að því að börn skilji nytsemi stærðfræðinnar.

Áfangamarkmið í stærðfræði við lok 4. bekkjar

Að nemandi

- ♣ geti leyst verkefni daglegs lífs með aðferðum stærðfræðinnar
- ♣ geti notað einfaldar mælieiningar um hitastig, mál og vog, bæði óstaðlaðar mælieiningar og staðaleiningarnar m og cm, l og dl ásamt g og kg

(Aðalnámskrá grunnskóla, stærðfræði, 2007: 17)

Áfangamarkmið í heimilisfræði við lok 4. bekkjar

Að nemandi

- ♣ geti unnið eftir einföldum uppskriftum og fyrirmælum
- ♣ geti sýnt hjálpssemi og vilja til samvinnu

(Aðalnámskrá grunnskóla, heimilisfræði, 2007: 8-9)

Aðrar útfærslur

Íslenska og heimilisfræði

Verkefnislýsing:

Nemendur leita að brauðuppskrift úr bókum eða af Netinu og skrifa hana upp í stílabók og strika síðan undir samhljóða og sérhljóða. Að því loknu fá þeir að búa til brauðdeig og baka það úti.

Áfangamarkmið við lok 4. bekkjar

Að nemandi

- ♣ þekki mun á sérhljóðum og samhljóðum
- ♣ kunnir að afla sér upplýsinga úr bókum og af Netinu
- ♣ geti skrifað skýrt og læsilega

(Aðalnámskrá grunnskóla, heimilisfræði, 2007: 12-15)

Samfélags- og heimilisfræði

Verkefnislýsing:

Umræður um líf og störf fólks í gamla daga samanborið við nútímann. Nemendur bera saman hvað er líkt og hvað ólíkt, t.d. mataræði og hvernig fólk eldaði mat áður en eldavélar komu til sögunnar.

Áfangamarkmið við lok 4. bekkjar

Að nemandi

- ♣ geti nefnt dæmi um það sem er líkt og ólíkt í húsnaði, klæðaburði, mataræði, heimilislífi, menntun, siðum og venjum nú og á öðru tímaskeiði

(Aðalnámskrá grunnskóla, samfélagsgreinar, 2007: 12)

Fjölgreindir

Í fyrri hluta þessa verkefnis er rök- og stærðfræðigreind nemenda efld og í seinni hluta umhverfisgreind.

Mál- og samskiptagreind nemenda er styrkt með umræðum og samvinnu ásamt því að líkams- og hreyfigreind er efld með útiveru.

Miðstig


Inn á græna skóga

Ég vil hverfa langt
langt inn á græna skóga
inn í launhelgar trjáanna

og gróa þar tré
gleymdur sjálfum mér, finna
ró í djúpum
rótum og þrótt
í ungu ljósþyrstu laufi

leita svo aftur
með vizku trjáanna
á vit reikulla manna.

Snorri Hjartarson



Tónmennt og íslenska - Tónverk náttúrunnar

Verkefnislýsing	Bekkjarskipulag	Vinna kennara	Vinna nemenda	Afrakstur	Efni og gögn	Kennsluáðferðir Námsmat
<p>Nemendur útbúa tónverk með þeim hljóðum sem þeir upplifa úti í náttúrunni og semja ljóð við.</p> <p>Verkefnið er tvíþætt.</p> <p>Annar hlutinn felst í skráningu úti við.</p> <p>Nemendur hlusta á umhverfið og skrá hjá sér hljóð, takt og annað sem þeim finnst mikilvægt í tónverki náttúrunnar og semja ljóð við.</p> <p>Hinn hlutinn er að útfæra tónverkið fyrir hljóðfæri að eigin vali og flytja ljóð og tónlist fyrir aðra nemendur.</p> <p>Markmiðið er að nemendur öðlist færni í að tjá upplifun sína með ljóðum og tónlist.</p>	<p>Bekknun er skipt í 4-5 manna hópa sem vinna saman að ljóðagerð og skráningu tónverks.</p> <p>Sami hópur myndar svo hljómsveit og flytur ljóðið með undirleik fyrir aðra nemendur.</p>	<p>Kennari ræðir við nemendur um uppbyggingu ljóða og hve fjölbreyttur flutningur getur verið t.d. er hægt að rappa, syngja eða lesa texta upp við undirleik.</p> <p>Hann kynnir fyrir nemendum ýmis tónverk og útskýrir hvernig hægt er að heyra tónlist og takt í bílaumferð, fuglasöng, vindinum eða bara hlátri annarra nemenda.</p> <p>Nauðsynlegt er að kennari hafi aðgang að mismunandi hljóðfærum sem nemendur geta valið úr.</p>	<p>Nemendur finna sér góðan stað til að hlusta á umhverfishljóð.</p> <p>Þeir skrá niður það sem fyrir eyru ber og finna leið til að skrá og útsetja tónverkið.</p> <p>Hópurinn semur ljóð og ákveður hvernig það skal flutt.</p> <p>Nemendur fá að velja sér hljóðfæri og æfa sig áður en tónleikar hefjast.</p>	<p>Persónuleg tónverk nemenda.</p>	<p>Stílabækur</p> <p>Hljóðfæri</p>	<p>Umræðu- og spurnaraðferð</p> <p>Innlifunaraðferðir og tjáning</p> <p>Sjálfstæð skapandi vinnubrögð</p> <p>Hópvinubrögð</p> <p>Sjálfsmat</p> <p>Hópamat</p>

Markmið Aðalnámskrár

Prepamarkmið 5. og 6. bekkjar í tónmennt

Að nemandi

- ♣ semji, spinni, útsetji og skrái tónverk sem sýnir vaxandi skilning á tónlistarhugtökum eftir gefnum fyrirætlum og með fjölbreyttum hljóðgjöfum
- ♣ öðlist stigvaxandi færni í söng og leik á skólahljóðfæri
- ♣ öðlist vaxandi færni í flutningi tónlistar, laga og stefja eftir minni, heyrn og nótnátáknum
(Aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar, 2007: 68-69)

Áfangamarkmið í lok 7. bekkjar í íslensku

Nemandi á að

- ♣ þekkja fáein bókmenntafræðileg hugtök til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, samlíkingu og boðskap
- ♣ hafa fengist við skapandi skrif og samið sögur, ljóð og leikþætti
(Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 2007: 16)

Aðrar útfærslur

Hægt er að skipta nemendum í hópa eftir þeirra vali. Nemendur geta valið um að skrifa ljóð, sögu eða semja dans við tónverkið.

Prepamarkmið 5. bekkjar í tónmennt

Að nemandi

- ♣ semji og flytji dans eða hreyfingu við tónlist
(Aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar, 2007: 68)

Yngsta stig

Hægt er að útfæra verkefnið fyrir yngsta stig en þá er hægt að leyfa nemendum að hlusta á tónverk t.d. Pétur og úlfinn.

Nemendur fara svo út með hljóðfæri sem þeir búa til t.d hristur og slagverk, eða skólahljóðfæri, hlusta á umhverfið og taka undir með tónverki náttúrunnar.

Fjölgreindir

Í þessu verkefni fær sá sem er með góða tónlistargreind að njóta sín og aðrir eflast í þeirri greind.

Umhverfisgreindin styrkist með því að fara út og hlusta á hljóðin í náttúrunni ásamt því að sjálfsþekkingargreind og líkams- og hreyfigreind er efld.

Með skapandi skrifum, uppsetningu tónverks og flutningi, þroska nemendur málgreind sína, samskiptagreind, tónlistargreind og rök- og stærðfræðigreind.

Með því að leyfa nemendum að velja er komið til móts við áhugasvið nemenda og styrkleika á mismunandi greindum þ.e. málgreind ef nemendur velja skapandi skrif og líkams- og hreyfigreind ef nemendur velja dans og hreyfingu.

Náttúrufræði og fleiri fög - Fuglabókin mín

Verkefnislýsing	Bekkjarskipulag	Vinna kennara	Vinna nemenda	Afrakstur	Efni og gögn	Kennsluaðferðir Námsmat
<p>Nemendur útbúa bók um fugla sem þeir þekkja og hafa séð í umhverfi skólans.</p> <p>Nemendur rannsaka og afla sér heimilda um fugla í náttúrufræði.</p> <p>Forsíðan, þæfð mynd af fugli, er unnin í textílmenn.</p> <p>Teikningar af fuglum eru unnar í myndmennt.</p> <p>Hluti af texta og myndvinnsla er unnin í upplýsinga- og tæknimennt.</p> <p>Markmiðið er að nemendur kynnist fuglum í nánasta umhverfi og setji upplýsingar fram með persónulegum hætti.</p>	<p>Gera þarf ráð fyrir nokkrum kennslustundum í náttúrufræði inni og úti í þetta verkefni.</p> <p>Einnig þarf að gera ráð fyrir nokkrum kennslustundum í myndmennt, textílmenn og upplýsinga- og tæknimennt.</p> <p>Nemendur vinna að söfnun upplýsinga í fjögurra til fimm manna hópum.</p> <p>Forsíða, fuglamyndir og lokafrágangur bókar er unnin í einstaklingsvinnu.</p>	<p>Þetta verkefni krefst mikils samstarfs milli kennara nokkurra námsgreina.</p> <p>Í náttúrufræði stýrir kennari rannsóknarvinnu og upplýsingaöflun um íslenska fugla.</p> <p>Í textílmenn þæfa nemendur myndir af fuglum fyrir forsíðu bókar.</p> <p>Í myndmennt teikna nemendur myndir af þeim fuglum sem þeir völdu.</p> <p>Í upplýsinga- og tæknimennt setja nemendur upplýsingar upp í tölvu til útprentunar ásamt því að sækja sér myndir af Neti.</p>	<p>Rannsóknarvinna úti og inni.</p> <p>Tilvalið er að nemendur leiti sér upplýsinga og mynda á fuglavef námsgagnastofnunar.</p> <p>http://www1.nams.is/fuglar/index.php (Jóhann Óli Hilmarsson, 2006)</p> <p>Þæfing í textílmenn.</p> <p>Myndsköpun í myndmennt.</p>	<p>Persónuleg fuglabók sem hver nemandi fær til eignar.</p>	<p>Aðgangur að Netinu.</p> <p>Fuglabækur</p> <p>Lopi til þæfingar.</p> <p>Pappír og karton í bók.</p>	<p>Vettvangsathugun</p> <p>Efnis- og heimildakönnun</p> <p>Myndræn sköpun</p> <p>Samvinnunám</p> <p>Virgni og áhugi nemenda metin ásamt lokafrágangi á bók.</p> <p>Sjálfsmat</p> <p>Hópamat</p>

Markmið Aðalnámskrár

Þetta verkefni tengist markmiðum í náttúrufræði, textílmennt, myndmennt og upplýsinga – og tæknimennt.

Prepamarkmið fyrir 5. bekk í náttúrufræði

Að nemandi

- ♣ geti nefnt fulltrúa fyrir íslenska staðfugla, farfugla og umferðarfarfugla og lýst einkennum hvers hóps

(Aðalnámskrá grunnskóla, náttúrufræði og umhverfismennt, 1999:49)

Áfangamarkmið við lok 7. bekkjar í náttúrufræði

Nemandi á að

- ♣ átta sig á að lífverur eru flokkaðar í ríki eftir skyldleika
- ♣ læra um aðaleinkenni helstu hópa lífvera, lífsferla og aðlaganir

(Aðalnámskrá grunnskóla, náttúrufræði og umhverfismennt, 2007: 21)

Prepamarkmið fyrir 5. bekk í textílmennt

Að nemandi

- ♣ skilji aðaleinkenni í vinnuferli handverks frá hugmynd að fullnum hlut
- ♣ upplifi sköpunargleði við útfærslu eigin hugmynda

(Aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar, 2007: 60)

Prepamarkmið fyrir 5. bekk í myndmennt

Að nemandi

- ♣ nýti sér í eigin sköpun aðferðir sem fela í sér að kanna form og liti fyrirmynda

(Aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar, 2007: 53)

Áfangamarkmið með tölvunotkun við lok 7. bekkjar

Nemandi á að

- ♣ hafa notað margmiðlunarefni til að bæta við eigin þekkingu og til skemmtunar
- ♣ hafa náð tökum á réttri fingrasetningu á lyklaborði, tileinkað sér blindskrift og rétta líkamsbeitingu
- ♣ geta beitt þeim leitaraðferðum sem algengustu tölvukerfi bjóða upp á

(Aðalnámskrá grunnskóla, upplýsinga- og tæknimennt, 2007: 17)

Aðrar útfærslur

Þetta verkefni hentar mjög vel sem þemaverkefni þar sem þessar námsgreinar eru samþættar.

Nemendur gætu sett upplýsingar á stór plaköt og haldið sýningu í enda þemadaga.

Ljósmyndavinna

Hægt er að skipta nemendum í hópa og hver hópur fer í vettvangsferð um útivistarsvæði nálægt skólanum.

Markmiðið með þessu verkefni er að ná myndum af fuglum og hreiðrum sem nemendur prenta svo út og finna upplýsingar um þá fugla sem þeir náðu mynd af.

Fjölgreindir

Í þessu verkefni fá margar greindir að njóta sín. Í öflun gagna og uppsetningar bókar þarf að nýta sér málgreind við lestur og skrif, rök- og stærðfræðigreind við öflun gagna í tölvum og umhverfisgreind við að finna fuglana í umhverfi skólans og að flokka þá.

Við gerð bókar fá þeir að blómstra sem eru góðir í rýmis- og líkams- og hreyfigreind, við að hanna og fönðra forsíðu og teikna myndir inn í bókina.

Við rannsóknarvinnu úti eflist líkams- og hreyfigreind og þeir sem eru með sterka umhverfisgreind geta notið sín til fulls.

Íslenska/bókmenntir og samfélagsfræði - Hugarflug

Verkefnislýsing	Bekkjar skipulag	Vinna kennara	Vinna nemenda	Afrakstur	Efni og gögn	Kennsluáðferðir Námsmat
<p>Nemendur lesa saman bókina <i>Vítahringur – Helgusonasaga</i> eftir Kristínu Steinsdóttur (2004)</p> <p>Nemendur beita hugarflugi úti í náttúrunni og setja sig í spor sögupersóna.</p> <p>Nemendur vinna ritgerð um hvernig þeim liði sem persónu í þeirri bók.</p> <p>Markmiðið er að nemendur setji sig í spor persóna á öðrum tímum og læri að beita íslensku á fjölbreyttan máta sem og hugarflugi við ritun.</p>	<p>Nemendur lesa saman upphátt og í hljóði úr bókinni <i>Vítahringur</i>.</p> <p>Gefa þarf nemendum góðan tíma í lestur bókarinnar.</p> <p>Þegar búið er að lesa bókina vinna nemendur í þorum að hugarflugi og vinnslu við ritgerðina.</p>	<p>Kennari stjórnar lestri á <i>Vítahring</i>.</p> <p>Hann kynnir fyrir nemendum hvernig þeir geta beitt hugarflugi við gerð ritgerðar.</p>	<p>Nemendur fara saman út í þorum og finna sér stað til að hugleiða hvernig þeim liði sem sögupersónu í <i>Vítahring</i>.</p> <p>Nemendur eru með stílabækur til að punkta hjá sér líðan sína og þær hugmyndir sem koma upp.</p> <p>Nemendur vinna ritgerðina í tölvum og setja inn myndir við hæfi.</p>	<p>Nemendur prenta út texta og myndir og safna saman á veggspjald sem sett er upp í stofunni.</p> <p>Nemendur kynna persónur sínar hver fyrir öðrum.</p> <p>Góður endir á þessu verkefni er að fara með nemendum út, kveikja eld og baka brauð (sjá verkefni bls. 14)</p>	<p>Stílabækur</p> <p>Eintök af bókinni <i>Vítahringur</i>.</p>	<p>Innlifunaraðferðir og tjáning</p> <p>Sjálfstæð skapandi viðfangsefni</p> <p>Umræðu og spurnaraðferðir</p> <p>Jafningjamat</p> <p>Sjálfsmat</p> <p>Leiðsagnarmat</p>

Markmið Aðalnámskrár

Verkefnið tengist eftirfarandi markmiðum í íslensku og samfélagsfræði við lok 6. bekkjar.

Prepamarkmið í sögu, 6. bekkur

Að nemandi

- ♣ geri sér ljóst hvaða vandkvæðum það er bundið að skapa sér mynd af hversdagslífi og viðhorfum almennings á fyrri öldum
- ♣ spái í brotakenndar lýsingar á amstri og gleðiefnum alþýðu á Íslandi á miðöldum
- ♣ komist að því hvaða hlutverki ættir og blóðhefndir gegndu í samfélaginu
- ♣ velti fyrir sér (t.d. í skáldaðri sögu) möguleikum einstaklinga af ýmsum stigum til að hafa áhrif á tilveru sína, t.d.
 - þræla til að öðlast frelsi
 - kotunga til að fá að lifa í friði
 - barna til að lifa og leika sér

(Aðalnámskrá grunnskóla, samfélagsgreinar, 2007: 37)

Áfangamarkmið í íslensku við lok 7. bekkjar

Nemandi á að:

- ♣ vera orðinn vel læs og hafa öðlast góðan lesskilning og fjölbreyttan orðaforða
- ♣ gera sér grein fyrir aðalatriðum í texta og helstu efnisorðum
- ♣ hafa öðlast öryggi við að tjá hugmyndir sínar og reynslu
- ♣ hafa fengist við skapandi skrif og samið sögur, ljóð og leikþætti
- ♣ hafa ræktað með sér áhuga á móðurmálinu og vitund um eigin málkunnáttu

(Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 2007: 16-17)

Aðrar útfærslur

Hægt er að útfæra þetta verkefni á ýmsa vegu.

- Nemendur (4-6 saman) setja upp leikþátt byggðan á þeim persónum sem þeir völdu sér.
- Nemendur útbúa teiknimyndasögu byggða á hugarflugi þeirra og ritgerð.
- Nemendur vinna saman að lýsingu heillar fjölskyldu, þræla þeirra og óvinum.

Landafræði

Nemendur vinna 2 -3 pör saman og velja sér landsvæði úr bókinni. Því næst merkja þeir sér svæði úti, útskýra fyrir öðrum nemendum hvar á landinu þeir eru og hvað þeir eru að aðhafast. Hvaða leiðir eru bestar til að afla sér matar á þessu landsvæði o.s.frv.

Nemendur geta sótt sér efni í bækur eða á Neti áður en haldið er út.

Þetta væri hentugt verkefni eftir að hugarflugsverkefninu er lokið.

Markmið kennslu í landafræði er að auka vitund nemenda um umhverfi, samfélagi og menningu frá nálægasta sviði til hinna fjarlægari.

Prepamarkmið í landafræði, 5. bekkur

Að nemandi

- ♣ þekki á Íslandskorti nöfn og legu landsfjórðunganna, stærstu þéttbýlisstaða, helstu ár, jökla, firði, flóa og fjöll

(Aðalnámskrá grunnskóla, samfélagsgreinar, 2007: 46)



Upplifun

Fjölgreindir

Þetta verkefni reynir mikið á málgreind nemenda bæði í lestri og ritun.

Hugarflug úti í náttúrunni auðveldar nemendum með góða umhverfis- og líkams- og hreyfigreind að koma hugsunum sínum á blað.

Með því að nemendur setji sig í spor landnámsmanna er sjálfsþekkingargreind þeirra efld. Einnig styrkist samskiptagreind til muna er nemendur segja hver öðrum frá hugmyndum sínum og niðurstöðum.

Með jafningja- og sjálfsmati er sjálfsþekkingargreind nemenda einnig styrkt. Í þessum hluta verkefnis er mikilvægt að kennari fylgist vel með því að nemendur séu sanngjarnir við sjálfa sig og aðra.

Lífsleikni og stærðfræði - Leiðin í skólann

Verkefnislýsing	Bekkjarskipulag	Vinna kennara	Vinna nemenda	Afrakstur	Efni og gögn	Kennsluaðferðir Námsmat
<p>Nemendur vinna verkefni sem finna má á vefsíðunni Heimurinn minn http://www.heimurinn.is/ (Margrét Júlía Rafnsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Björn Valdimarsson, 2005)</p> <p>Nemendur reikna út vegalengdina í skólann og hve langan tíma það tekur fyrir þá að fara frá heimili til skóla.</p> <p>Áhersla er lögð á að efla umhverfisvitund nemenda auk þess að þjálfa vissa færni þeirra í stærðfræði.</p>	<p>Einstaklingsvinna, nemendur reikna út veg- og tímalengd á milli skóla og heimilis. (Vegalengd er reiknuð í km og m en tímalengd í klst, mín og sek).</p> <p>Nemendur vinna úr niðurstöðum í litlum hópum.</p>	<p>Áður en verkefnið hefst stjórnar kennari umræðum nemenda um þá þætti sem hafa mengandi áhrif á umhverfið og hvernig stuðla megi að heilnæmara umhverfi.</p> <p>Kennari rifjar upp atriði sem nemendur þurfa að kunna skil á í sam-bandi við stærðfræði-útreikninga.</p> <p>Kennari leiðir umræður í lok verkefnis.</p>	<p>Hver nemandi vinnur verkefni á vefsíðu þar sem gerðar eru kannanir í bekknum á því hve margir nemendur ganga, hjóla eða eru keyrðir í skólann.</p> <p>Heimaverkefni þar sem nemendur reikna veg- og tímalengd milli heimilis og skóla.</p> <p>Hópvinna, nemendur reikna út meðal veg- og tímalengd sem meðlimir hópsins þurfa að fara í skólann. Ræða leiðir til að stuðla að bættu umhverfi.</p>	<p>Hóparnir kynna niðurstöður sínar.</p> <p>Útreikningum er skilað til kennara.</p> <p>Umræður í lok verkefnis um leiðir til úrbóta í umhverfismálum. Kennari getur t.d. bent nemendum á að draga megi úr mengun með því að takmarka bíla-umferð, t.d. með því að fara á hjóli eða fótgangandi stuttar vegalengdir.</p>	<p>Tölvur og aðgangur að Neti.</p> <p>Stílabækur</p> <p>Skriffæri</p>	<p>Umræðu-og spurnaraðferðir</p> <p>Leitaraðferðir</p> <p>Hópvinnubrögð</p> <p>Leiðsagnarmat</p> <p>Heildarmat</p> <p>Sjálfsmat</p>

Markmið Aðalnámskrár

Verkefnið tengist eftirfarandi áfangamarkmiðum í lífsleikni og stærðfræði við lok 7. bekkjar:

Áfangamarkmið í lífsleikni við lok 7. bekkjar

Nemandi á að

- ♣ gera sér grein fyrir gildi umhverfisverndar hvort sem er í byggð eða óbyggð (Aðalnámskrá grunnskóla, lífsleikni, 2007: 10)

Áfangamarkmið í stærðfræði við lok 7. bekkjar

Nemandi á að

- ♣ skilja uppbyggingu metrakerfisins og tengsl þess við sætisriðhætt, þekkja nokkrar algengustu einingar metrakerfisins (km, m, dm, cm, mm, l, dl, ml, kg, g, mg) í samhengi við eðlilega notkun í daglegu lífi og geta breytt á milli þeirra af öryggi
- ♣ geta reiknað á milli sekúndna, mínútna, klukkustunda og daga af öryggi (Aðalnámskrá grunnskóla, stærðfræði, 2007: 26)

Aðrar útfærslur

Lífsleikni

Kennari ræðir við nemendur um helstu umferðarreglur sem mikilvægt er að nemendur kunni. Nemendur fá götukort og merkja leiðina milli heimilis og skóla. Einnig skrifa nemendur niður heiti umferðarskilta sem þeir sjá á leiðinni.

Markmið þessa verkefnis er að efla umhverfisvitund nemenda og að þeir þjálfist í að nota götukort. Jafnframt er stuðst við eftirfarandi áfangamarkmið í lífsleikni við lok 7. bekkjar:

Áfangamarkmið í lífsleikni við lok 7. bekkjar

Nemandi á að

- ♣ hafa tileinkað sér helstu umferðarreglur og þekkja helstu umferðarmerki (Aðalnámskrá grunnskóla, lífsleikni, 2007: 10)

Samþætting við erlend tungumál

Verkefnið væri hægt að samþætta við erlend tungumál þar sem niðurstöður og umræður færu fram á erlendu tungumáli. Kennari getur þurft að einfalda verkefnið með því að leiða nemendur áfram með spurningum. Þá er orðabók mikilvægt hjálpartæki í þessu verkefni.

Áfangamarkmið í erlendum tungumálum við lok 7. bekkjar

Að nemandi

- ♣ geti sagt frá sjálfum sér og nánasta umhverfi
- ♣ geti tekið þátt í samtölum um daglegt líf og áhugasvið (Aðalnámskrá grunnskóla, erlend tungumál, 2007: 23)

Fjölgreindir

Umhverfisgreind og rök- og stærðfræðigreindir eru efldar í þessu verkefni á skemmtilegan máta.

Einnig reynir á samskiptagreind nemenda í úrvinnslu stærðfræðigagna og líkams- og hreyfigreind við vinnu á vettvangi.

Málgreind er efld með öllum umræðum sem fara fram hvort sem þær eru á íslensku eða erlendum tungumálum.

Íslenska, náttúrufræði og myndmennt - Náttúruljóð

Verkefnislýsing	Bekkjarskipulag	Vinna kennara	Vinna nemenda	Afrakstur	Efni og gögn	Kennsluaðferðir Námsmat
<p>Nemendur fara út í náttúruna og búa til ljóð í tengslum við það sem þeir sjá og upplifa.</p> <p>Ljóðin eru skrifuð niður á blöð og nemendur skreyta með litum ásamt því sem þeir finna úti í náttúrunni.</p> <p>Markmiðið er að nemendur fái tilfinningu fyrir sínu nánasta umhverfi og að þeir geti tjáð upplifun sína á ljóðrænan hátt.</p>	<p>Nemendum er skipt í 3- 4 manna hópa og býr hver hópur til eitt náttúruljóð.</p>	<p>Kennari ræðir við nemendur um ljóðagerð og sýnir þeim nokkur dæmi um íslensk náttúruljóð.</p> <p>Kennari útskýrir verkefnið fyrir nemendum og raðar þeim í hópa áður en þeir fara út.</p>	<p>Umræður um ljóðagerð og náttúruljóð. Nemendur kynnst nokkrum ljóðahugtökum ásamt muninum á hefðbundnum og óhefðbundnum ljóðum.</p> <p>Nemendur fara út með blöð og virða fyrir sér umhverfið og skrifa niður það sem þeir sjá og upplifa. Að því loknu fara nemendur í sína hópa og bera saman upplifanir sínar.</p> <p>Hver hópur býr til náttúruljóð, skrifar niður á blað og myndskreytir.</p>	<p>Þegar allir hópar eru búnir, kynna þeir afraksturinn hver fyrir öðrum.</p> <p>Nemendur geta valið einn úr hverjum hópi til að flytja ljóðið eða skipst á.</p> <p>Að kynningu lokinni eru ljóðin höfð til sýnis inni í kennslustofu eða á göngum skólans.</p>	<p>Blöð</p> <p>Skriffæri</p> <p>Litir</p> <p>Lím</p> <p>Kennara-tyggjó</p> <p>Laufblöð, blóm og annað sem nemendur finna úti í náttúrunni.</p>	<p>Samvinnunám</p> <p>Umræðu- og spurnaraðferðir</p> <p>Innlifunaraðferð og tjáning</p> <p>Sjálfstæð skapandi viðfangsefni</p> <p>Leiðsagnarmat</p> <p>Sjálfsmat</p> <p>Hópamat</p>

Markmið Aðalnámskrár

Verkefnið tengist eftirfarandi áfangamarkmiðum í íslensku, myndmennt, náttúrufræði og umhverfismennt við lok 7. bekkjar:

Áfangamarkmið við lok 7. bekkjar í íslensku

Nemandi á að

- ♣ þekkja fáein bókmenntafræðileg hugtök til að fjalla um, form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, samlíkingu og boðskap
- ♣ hafa fengist við skapandi skrif og samið sögur, ljóð og leikþætti
- ♣ flytja laust og bundið mál upphátt, með viðeigandi áherslum og túlkun og halda athygli áheyranda

(Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 2007: 15-16)

Áfangamarkmið við lok 7. bekkjar í myndmennt

Nemandi á að

- ♣ geta tjáð á eigin forsendum skoðanir og tilfinningar á fagurfræðilegan hátt í eigin sköpun
- ♣ geta nýtt sér mismunandi efni, verkfæri og miðla í eigin sköpun, s.s. málun, teikningu, grafík, mótun, tölvur o.s.frv

(Aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar, 2007: 14)

Áfangamarkmið við lok 7. bekkjar í náttúrufræði og umhverfismennt

Nemandi á að

- ♣ sýna ábyrgð á íslenskri náttúru og gera sér grein fyrir sérstöðu hennar.

(Aðalnámskrá grunnskóla, náttúrufræði og umhverfismennt, 2007: 22)

Aðrar útfærslur

Erlend tungumál

Hægt er að útfæra þetta verkefni fyrir tungumálakennslu þar sem nemendur þjálfra færni sína í öðru tungumáli með því að semja náttúruljóð á ensku eða dönsku og lesa það síðan upp fyrir bekkjarfélagi. Hafa má eftirfarandi markmið til hliðsjónar:

Áfangamarkmið við lok 7. bekkjar í erlendum tungumálum

Að nemandi

- ♣ geti sagt á skýran hátt frá daglegu lífi sínu og nánasta umhverfi
- ♣ geti lýst í meginráttum því sem hann hefur reynt og upplifað
- ♣ geti samið stuttan texta, t.d. sögu eða ljóð

(Aðalnámskrá grunnskóla, erlend tungumál, 2007: 23)

Fjölgreindir

Er nemendur upplifa náttúruna og koma upplifun sinni í ljóðaform eru þeir að nota umhverfis- og málgreind sína og efla þær hvor aðra.

Með myndskreytingu fá þeir að njóta sín sem eru með góða rýmisgreind um leið og þeir styrkja málgreind sína með ljóðagerð og upplestri.

Einnig styrkja nemendur sjálfsþekkingargreind sína með því að huga markvisst að hugarástandi sínu úti í náttúrunni.

Elsta stig

Skólastarf snýst fyrst og fremst um fólk, að gefa hverri nýrri kynslóð ungmenna, sem vex úr grasi, hlutdeild í þeim menningarverðmætum sem fyrri kynslóðir hafa skapað með það fyrir augum að auka þeim víðsýni og gera þau hæf til að taka virkan þátt í því samfélagi sem þau eru hluti af (Aðalnámskrá grunnskóla, náttúrufræði og umhverfismennt, 2007: 13).



Umhverfismennt, hönnun og smíði, stærðfræði - Vistvæn skýli

Verkefnislýsing	Bekkjarskipulag	Vinna kennara	Vinna nemenda	Afrakstur	Efni og gögn	Kennsluaðferðir Námsmat
<p>Nemendur nálgast upplýsingar um vistvæna húsbýggingu af vefsíðunni Heimurinn minn http://www.heimurinn.is/ og vinna verkefni út frá því (Margrét Júlía Rafnsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Björn Valdimarsson, 2005).</p> <p>Nemendur reisa skýli í nágrenni skólans.</p> <p>Markmiðið er að nemendur öðlist skilning á sjálfbærri þróun og efli stærðfræðikunnáttu sína með raunverulegum viðfangsefnum.</p>	<p>Einstaklingsvinna, nemendur vinna verkefni um vistvæn, sjálfbær hús.</p> <p>Bekknun er skipt upp í tvo hópa.</p> <p>Hvor hópur teiknar upp eitt skýli og hjálpast síðan að við að reisa það.</p>	<p>Kennari ræðir við nemendur um sjálfbær, vistvæn hús og útbýr verkefnablað með spurningum um viðfangsefnið.</p> <p>Einnig rifjar kennari upp með nemendum hlutfallareikning.</p> <p>Kennari útskýrir verkefnið fyrir nemendum, hvar best sé að safna efnivið í skýlin, o.s.frv.</p> <p>Kennari skiptir nemendum í tvo hópa.</p>	<p>Nemendur vinna verkefni um vistvæn hús.</p> <p>Nemendur teikna upp skýli í ákveðnum hlutföllum.</p> <p>Nemendur fara út og safna efnivið í skýli.</p> <p>Nemendur reisa skýli á útisvæði skólans.</p> <p>Skýlin eru byggð í réttum hlutföllum út frá teikningum.</p>	<p>Skýlin fá að standa á útisvæði skólans og eru notuð til frekari útikennslu í öðrum námsgreinum.</p>	<p>Tölvur og aðgangur að Neti.</p> <p>Reiknivélar, blöð og skriffæri.</p> <p>Kaðlar, snæri, timbur, málband, sagir, greinar, efni til að þétta skýli o.fl.</p> <p>Kennari og nemendur safna vistvænum efnivið af útisvæði skólans og einnig frá fyrirtækjum í nágrenni skólans.</p> <p>Með því er námið tengt grenndar-samfélaginu.</p>	<p>Leitaraðferðir</p> <p>Þulunám og þjálfunaræfingar</p> <p>Hópvinnubrögð</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Sjálfstæð skapandi viðfangsefni</p> <p>Leiðsagnarmat</p> <p>Sjálfsmat, nemendur halda dagbók um verkefnið, hvernig það gengur o.s.frv.</p>

Markmið Aðalnámskrár

Verkefnið tengist eftirfarandi áfangamarkmiðum við lok 10. bekkjar í tilteknum námsgreinum:

Áfangamarkmið í umhverfismennt við lok 10. bekkjar

Nemandi á að

- ♣ skilja hvað felst í hugtakinu sjálfbær þróun og mikilvægi þess fyrir samfélagið
- ♣ gera sér grein fyrir sjálfbærri nýtingu auðlinda
- ♣ geta fjallað um og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta sem tengjast umhverfisvernd (Aðalnámskrá grunnskóla, náttúrufræði og umhverfismennt, 2007: 25)

Áfangamarkmið í hönnun og smíði við lok 10. bekkjar

Að nemandi

- ♣ geti nýtt sér upplýsingatækni við leit að hugmyndum og mótun þeirra
- ♣ hafi sýnt frumkvæði í hugmyndavinnu í hóp og virðingu fyrir hugmyndum annarra
- ♣ geti notað fríhendisteikningu og grunnteikningu við hönnun
- ♣ hafi þroskað með sér vönduð vinnubrögð og verkskilning á sem flestum sviðum handverks (Aðalnámskrá grunnskóla, hönnun og smíði, 2007: 17-18)

Áfangamarkmið í stærðfræði við lok 10. bekkjar

Nemandi á að

- ♣ geta beitt stærðfræði í öðrum námsgreinum, s.s. heimilisfræði og handmennt, af öryggi
- ♣ kunna skil á hlutföllum milli stærða og geta notað þau við útreikninga á hagnýtum dæmum, nánar tiltekið
 - kunna að skipta stærðum í hlutföllum
 - skilja hvað átt er við með mælikvarða á teikningum og kortum, geta lesið lengdir og stærðir af vinnuteikningum og landakortum og geta sjálfur gert teikningar í gefnum hlutföllum (Aðalnámskrá grunnskóla, stærðfræði, 2007: 37-40)

Aðrar útfærslur

Verkefni má útfæra á ýmsa vegu en hér eru settar fram hugmyndir um það hvernig verkefnið getur tengst námsgreinunum upplýsinga og tæknimennt ásamt íslensku.

Upplýsinga og tæknimennt

Í kjölfar umræðna og verkefna um sjálfbæra þróun hanna nemendur sýndarumhverfi í tölvu þar sem þeir hanna vistvæn hús og sjálfbært umhverfi. Nemendur halda stutta glærुकynningu í lok verkefnis.

Auk fyrrgreindra markmiða í náttúrufræði og umhverfismennt þá tengist verkefnið eftirfarandi markmiðum í upplýsinga- og tæknimennt:

Áfangamarkmið í nýsköpun og hagnýtingu þekkingar við lok 10. bekkjar

Nemandi á að

- ♣ hafa tekið þátt í hópvinnu við að hanna sýndarumhverfi, s.s. þjóðfélag, framleiðslukerfi, verslun eða þjónustu, og prófað hvernig það virkar (Aðalnámskrá grunnskóla, upplýsinga og tæknimennt, 2007: 27)

Lokamarkmið í upplýsingamennt

Að nemandi

- ♣ geti nýtt sér margvíslega tækni til að safna, varðveita og miðla upplýsingum og geti umskráð upplýsingar á mismunandi form (Aðalnámskrá grunnskóla, upplýsinga og tæknimennt, 2007: 9)

Frh.

Aðrar útfærslur

Íslenska

Áður en nemendur hefjast handa við að reisa skýli, skrifa þeir 2-3 blaðsíðna ritgerð um sjálfbæra þróun og vistvænt umhverfi.

Nemendur afla sér upplýsinga af Neti, úr bókum eða öðrum upplýsingamiðlum

Auk fyrrgreindra markmiða í hönnun og smíði, umhverfismennt og stærðfræði er lögð áhersla á eftirfarandi áfangamarkmið í íslensku við lok 10. bekkjar:

Áfangamarkmið í íslensku við lok 10. bekkjar

Nemandi á að

- ♣ geta aflað sér heimilda, til dæmis á bókasafni, í dagblöðum, tímaritum og á Netinu
- ♣ geta lagt mat á gildi og trúverðugleika texta og fjölmiðlaefnis og tekið gagnrýna afstöðu til þess
- ♣ hafa tileinkað sér skipulögð vinnubrögð við ritgerðarsmíð, meðal annars kunna að draga saman efni, endursegja og fella inn í eigin texta (Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 2007: 18-19)

Fjölgreindir

Í þessu verkefni reynir á samskiptagreind nemenda því hóparnir verða að vinna vel saman að hönnun og byggingu skýlis.

Með samvinnu við bekkjarfélaga sína efla þeir einnig sjálfspekkargreind sína en með hópavinnu og samvinnunámi læra nemendur að þekkja styrkleika sína og veikleika.

Rýmisgreind ásamt rök- og stærðfræðigreind fléttast saman við líkams- og hreyfigreind við hönnun, teikningu og byggingu skýlis.

Málgreind er svo eflað með verkefni í íslensku en þá skrifa nemendur um viðfangsefnið. Þar reynir einnig á tölvukunnáttu nemenda og þar með rök- og stærðfræðigreind þeirra.

Með dagbókarfærslum um vinnu sína og námsárangur styrkja nemendur sjálfspekkargreind sína á markvissan máta.

Þjóðfélags- og stærðfræði - Verðkönnun

Verkefnislýsing	Bekkjarskipulag	Vinna kennara	Vinna nemenda	Afrakstur	Efni og gögn	Kennsluaðferðir Námsmat
<p>Nemendur vinna í vinnubækur, reikna út prósentur og leysa verkefni þar sem niðurstöður er settar upp í súlurit.</p> <p>Nemendur fara í vettvangsferð þar sem þeir gera samanburð á verði milli verslana eða innan sömu verslunar.</p> <p>Niðurstöður eru settar upp í súlurit.</p> <p>Áhersla er lögð á skilning nemenda á verðlagningu ásamt því að þeir þjálfist í rannsóknarvinnu, úrvinnslu gagna og framsetningu á eigin niðurstöðum.</p>	<p>Einstaklingsvinna, nemendur vinna sjálfstætt í vinnubókum.</p> <p>Á vettvangi vinna nemendur saman í pörum.</p>	<p>Áður en vinnubókarvinna hefst sýnir kennari nemendum hvernig prósentur eru reiknaðar út ásamt nokkrum aðferðum við framsetningu tölulegra gagna.</p> <p>Kennari útskýrir markmið verkefnisins og leiðbeinir nemendum eftir þörfum meðan á verkefninu stendur.</p>	<p>Að lokinni upprifjun vinna nemendur sjálfstætt í vinnubókum.</p> <p>Nemendur raða sér í tveggja manna hópa áður en haldið er af stað út á vettvang.</p> <p>Pörin reikna út verðmismun sambærilegra vara í prósentum og hjálpast að við að vinna úr niðurstöðum.</p> <p>Dæmi: Nemendur skrá hjá sér verð á dýrustu og ódýrustu tegund af klósettpappír. Reikna síðan út verðmismun í prósentum.</p> <p>Niðurstöður eru settar upp í súlurit að vettvangsferð lokinni.</p>	<p>Umræður í lok verkefnis.</p> <p>Hóparnir kynna niðurstöður sínar fyrir hver öðrum.</p> <p>Verkefnin eru sett inn í möppur sem skilað er til kennara.</p>	<p>Vinnubækur</p> <p>Skriffæri</p> <p>Vasareiknir</p> <p>Stílabækur til að hafa með í vettvangsathuganir.</p>	<p>Útlistunarkennsla</p> <p>Þulunám og þjálfunaráæfingar</p> <p>Verklegar áæfingar</p> <p>Leitaraðferðir</p> <p>Kennari metur virkni nemenda og hæfni í hópastarfi.</p> <p>Leiðsagnarmat og heildarmat.</p> <p>Sjálfsmat nemenda</p>

Markmið Aðalnámskrár

Verkefnið tengist eftirfarandi áfangamarkmiðum í stærðfræði og lífsleikni við lok 10. bekkjar.

Áfangamarkmið við lok 10. bekkjar í stærðfræði

Nemandi á að

- ♣ skilja gildi hlutfallareiknings við samanburð á sambærilegum stærðum, t.d. í sambandi við innkaup og verðkannanir
- ♣ kunna skil á tíðnitöflum, súlurítum, skífurítum, línurítum og fleiri aðferðum við framsetningu og lýsingu tölulegra gagna
- ♣ vera fær í prósentureikningi sem er algengur í samfélaginu, s.s. í dæmum er varða hækkun eða lækkun, aukningu eða minnkun, afslátt, vaxtareikning og annan verslunarreikning
- ♣ gera sér grein fyrir því hvernig beita má stærðfræðilegum aðferðum í daglegu lífi, hvaða aðferðir úr stærðfræði henta best hverju sinni og vera vanur að nota stærðfræði á öðrum sviðum m.a. með því að geta gert sér stærðfræðileg hugtök skiljanlegri með því að setja þau í samband við hversdagslega hluti (Aðalnámskrá grunnskóla, stærðfræði, 2007: 37-45)

Áfangamarkmið við lok 10. bekkjar í lífsleikni

Nemandi á að

- ♣ þekkja grenndarsamfélag sitt til að geta aflað sér nauðsynlegra upplýsinga í daglegu lífi (Aðalnámskrá grunnskóla, lífsleikni, 2007: 11)

Aðrar útfærslur

Þjóðfélagsfræði

Verkefnið gæti verið hluti af umræðum nemenda um samstarf Íslands við aðrar Evrópuþjóðir. Kennari leiðir umræður um inn- og útflutning milli Íslands og annarra Evrópuþjóða. Nemendur fara í verslanir og útbúa lista yfir vörur sem fluttar eru inn til landsins frá Evrópu. Einnig bera nemendur sama vöruverð innfluttra og innlendra vara og reikna út verðmismun í prósentum. Niðurstöður eru settar upp í skífu- eða súlurít.

Hafa má eftirfarandi markmið til hliðsjónar:

Áfangamarkmið við lok 10. bekkjar í þjóðfélagsfræði

Nemandi á að

- ♣ meta möguleika Íslands í Evrópusamstarfi með hliðsjón af nokkrum þáttum (Aðalnámskrá grunnskóla, samfélagsgreinar, 2007: 25)

Áfangamarkmið við lok 10. bekkjar í stærðfræði

Nemandi á að

- ♣ vera fær í prósentureikningi sem er algengur í samfélaginu, s.s. í dæmum er varða hækkun eða lækkun, aukningu eða minnkun, afslátt, vaxtareikning og annan verslunarreikning
- ♣ kunna skil á tíðnitöflum, súlurítum, skífurítum, línurítum og fleiri aðferðum við framsetningu og lýsingu tölulegra gagna (Aðalnámskrá grunnskóla, stærðfræði, 2007: 41-45)

Fjölgreindir

Nemendur verða að beita rök- og stærðfræðigreind við þetta verkefni auk þess sem reynir á málgreind þeirra og samskiptahæfni er þeir leita sér upplýsinga á vettvangi.

Við uppsetningu reynir einnig á málgreind ásamt því að rýmisgreind er efld með uppsetningu súlurita.

Við mat nemenda á eigin árangri reynir á sjálfsþekkingargreind þeirra en þar verða þeir að taka afstöðu til þess hvernig þeir stóðu sig og hverjir styrkleikar þeirra og veikleikar eru.

Lokaorð

Með útikennslu teljum við að hægt sé að koma til móts við nemendur á skemmtilegan og fjölbreyttan máta. Þeir öðlast frelsi sem ekki fæst innan veggja skólans og upplifa náttúruna og hvern annan á nýjan hátt. Hugmyndirnar sem hér hafa verið settar fram er hægt að nota hvar á landinu sem er í dreifbýli sem og þéttbýli. Við vonum að kennarar hafi gagn af þessum hugmyndum og óskum þeim sem ákveða að bæta útikennslu við kennsluaðferðir sínar góðrar skemmtunar.

Lyng

Gott er að leggjast í lyngið,
sjá lauf glóa, finna kvik
fjaðurmjúk atlot þess, fagna
í fegurð jarðar meðan rauð
og lág sólin lækkar
og lyngbreiðan er ilmgrænt haf
sem ber þig að hljóðri húmströnd
og hylur þig gleymsku.

Snorri Hjartarson

